

49. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 11. júní 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Valgarður Hilmarsson ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) stjórn Sambands íslenskra sveitafélaga frá 23. maí 2008
 - b) stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi frá 8. maí 2008
 - c) stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra frá 20. maí 2008
 2. Erindi frá Guðmundi Haraldssyni dags. 28. maí 2008
 3. Erindi frá Steingrími Kristinssyni dags. 29. maí 2008
 4. Umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar dags. 2. júní 2008
 5. Ósk um kostnaðarþátttöku við útgáfu á Húnavatnssýslubæklingi 2008-2009.
 6. Önnur mál.
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnarfundur Sambands ísl. sveitarfélaga 23. maí 2008
Lögð fram til kynningar.
 - b) Stjórnarfundur Félagsheimilisins Blönduósi 8 maí 2008
Lögð fram til kynningar.
 - c) Stjórnarfundur Menningarráðs Norðurlands vestra 20. maí 2008
Lögð fram til kynningar.
2. Erindi frá Guðmundi Haraldssyni vegna sundlaugar.
*Óskað er eftir heimild til að kaupa riksugu í sundlaug.
Erindið samþykkt og vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2008.*
3. Erindi frá Steingrími Kristinssyni dags. 29. maí 2008
Bæjarráð sér sér ekki fært að verð við erindinu.
4. Umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar, vegna Blöndu ehf.
Bæjarráð mælir með að leyfið verði veitt.
5. Ósk um þátttöku við útgáfu á Húnavatnssýslubæklingi 2008/2009
Bæjarráð samþykkir erindið.
6. Önnur mál
 - Erindi frá Samkórnum Björk þar sem sótt er um styrk til starfseminar.
Samþykkt að veita styrk kr. 130.000.-

- Erindi frá Knattspyrnudeild Hvatar um fyrirgreiðslu og samstarf vegna Smábæjarleika 2008. Samþykkt að verða við erindinu.
- Lagð fram drög að samningi við Hjört Karl Einarsson um skipti á landi. Samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga frá samningnum með 2. atkv. 1. situr hjá.
- Rætt var um dagvistun aldraðra. Bæjarstjóra falið að kanna möguleika á framkvæmd málsins.
- Kári Kárason gerði að umræðuefni ársreiking 2007. og lagði fram eftirfarandi bókun:
Í ljósi hækkunar á launalið, laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, milli ára 2006 og 2007 eða úr 12,7 milljónum í 18,1 milljón (42% hækkun) samk. ársreikningnum 2006 og 2007. Óskar undirritaður eftir eftirfarandi:
Útreikning hlutfall á launum til bæjarstjórnar og bæjarstjóra
Hverjir þáðu laun fyrir starf bæjarstjóra á árinu 2007 og sundurliðun á þeim. Óskar undirritaður eftir skriflegu svari á næsta bæjarstjórnarfundi.

Kári Kárason.

- Þá lagði Valdimar Guðmannsson fram eftirfarandi bókun:
Undirritaður óskar eftir skriflegum svörum á næsta bæjarstjórnarfundi sem er 24. júní n.k. við eftirtöldum spurningum:
1. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti á öllum launagreiðslum, dagpeningum, akstri og verktakagreiðslum til þeirra sem störfuðu sem bæjarstjórar og bæjarfulltrúar á árinu 2007.
 2. Á hvaða fundi var ráðningarsamningur núverandi bæjarstjóra samþykktur hjá Blönduósbæ.
 3. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður nýju sundlaugarinnar eftir að hún hefur verið tekin í notkun.

Með fyrirfram þökk fyrir svörin.

Blönduósi, 11. júní 2008.

Valdimar Guðmannsson

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:10

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Kári Kárason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson(sign.)